ÚTSALA
25-50% afsláttur

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

11. JANÚAR 2014 • 1. tölublað 4. árgangur

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

Mynd: Pressphotos.biz

Ríkissaksóknari spyr um minnisblaðið

Ríkissaksóknari hefur óskað eftir upplýsingum úr innanríkiráðuneytinu vegna minnisblaðs úr ráðuneytinu. Í minnisblaðinu greindi frá því að hælisleitandi sem til stóð að senda úr landi væri grunaður um mansal. Innanríkisráðherra hefur neitað því á Alþingi að minnisblaðið hafi farið til fjölmiðla úr ráðuneytinu. Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, staðfestir að upplýsinga hafi verið óskað og segir að svör hafi ekki borist úr ráðuneytinu.

Innanríkisráðherra sem jafnframt er dómsmálaráðherra og yfirmaður lögreglunnar í landinu, hefur auk þess verið kærður til lögreglu vegna málsins, auk allra starfsmanna innanríkisráðuneytisins. Þá hefur ráðherra einnig verið kærður til ríkissaksóknara.

Í nóvember í fyrra birtust í Fréttablaðinu, á Vísi og Mbl.is fréttir um að Tony Omos, frá Nígeríu og sem þá stóð til að vísa úr landi, tengist mansalsmáli, en tólf ára fangelsi liggur við slíku broti, og að Evelyn Glory Joseph væri fórnarlamb mansals. Fréttirnar byggðu á minnisblaði úr innanríkisráðuneytinu. Málið vakti athygli, meðal annars þar sem til stóð að vísa manni úr landi, sem grunaður væri um alvarlegt afbrot hérlendis. *Frh. bls.2.*

ORKULAUS ?

Kraftmikil steinefnablanda með náttúrulegu Magnesíum úr hafinu, Sink L Asparte, C vítamíni og virku B6 vítamíni

ALLAR VÖRU HAFKALKS ERU ÁN AUKAEFNA OG ERFÐABREYTTRA INNIHALDSEFNA (GMO FREE)

HAFKALK

www.hafkalk.is

Skart, silfurmunir, úr og margt fleira...

Úrval trúlofunar- og giftingahringja

Undir þessu merki sigrar þú

Vandaðar úravöggur fyrir 5-10 armbandsúr

ERNA GULL- OG SILFURSMIÐJA

Skipholti 3 - Sími: 552 0775 - www.erna.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

ÚTSALA ÚTSALA

15%-50% AFSLÁTTUR

OPIÐ ALLA HELGINA

EASY hægindastól með skemli

Fullt verð kr. 99.900

Útsöluverð kr. 69.930

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Topgrain leður á slitflötum. Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Stærð: 276x203 H: 82 cm

Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Fullt verð 189.900 Útsöluverð kr. 151.920

JACKPOT fjölskyldusófi

DORMA

– býður góða nótt

Fylgstu með Dorma á facebook

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

OPNUNARTÍMI: Virka daga 11⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰–17⁰⁰ og Sunnudaga 13⁰⁰–17⁰⁰

Ráðherra kærður til lögreglu

Frh. af forsíðu:

Evelyn hefur haldið því fram að Tony sé barnsfaðir hennar, en hún er ólétt og á að eiga í mánuðinum. Omos var synjað um hæli og var hann sendur úr landi skömmu fyrir jól að sögn DV.

Heimildir Reykjavíkur vikublaðs herma að lögmaður Tonys Omos hafi kært Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, og alla starfsmenn ráðuneytisins, til lögreglu fyrir að setja minnisblaðið í dreifingu. Kæran mun byggja á ákvæðum almennra hegningarlaga um ranglæti stjórnvalds við úrlausn eða meðferð máls, en fangelsisdómar liggja við slíkum brotum. Þá byggir kæran einnig á ákvæði hegningarlaga um aðdróttanir og ærumeiðingar.

Kæran var send fyrir jól, eftir því sem næst verður komist. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins sagðist ekki hafa heyrt af málinu þegar blaðamaður ræddi við hann á fimmtudag.

Lögmaður Evelyn kærði málið einnig til ríkissaksóknara.

Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur tjáð sig um málið í fjölmiðlum og á Alþingi. Hún hefur sagt að gögn af þessu tagi gætu ratað til fjölmiðla frá lögmönnum, auk þess að benda á ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnun og Rauða krossinn. Hún sagði á Alþingi 16. desember: „Við getum ekki fundið

Sigríður Friðjónsdóttir.

því stað, forsvarsmenn og stjórnendur ráðuneytisins, að þessi gögn hafi farið út úr ráðuneytinu.“

Hún svaraði ekki spurningum um málið eftir ríkisstjórnarfund í gær.

„Hrákasmíð“ Bjartar framtíðar

Frumvarp Bjartrar framtíðar um að leggja niður mannanafnanefnd leysir engan vanda, að mati Eiríks Rögnvaldssonar, prófessors í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Úrskurðir mannanafnanefndar hafa oft verið umdeildir. Samkvæmt frumvarpinu verður nefndin lögð niður og kvaðir um ættarnöfn felldar brott úr lögunum. Hlutverk mannanafnanefndar verður flutt til ráðherra samkvæmt frumvarpinu. Frumvarpið hefur verið rætt á Alþingi og er nú í höndum allsherjar- og menntamálanefndar þingsins.

Eiríkur Rögnvaldsson.

Eiríkur tekur undir með þingmönnum Bjartar framtíðar um að lög um mannanöfn séu gölluð, en segir frumvarpið lýsa vanþekkingu. „Það leysir engan vanda að leggja mannanafnanefnd niður en halda lögunum annars óbreyttum að verulegu leyti. Það er algerlega fráleitt að ætla ráðherra að skera úr ágreiningsmálum.“ Þess utan tæki það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu tíma frá ráðherra, sem auk þess hefði engar forsendur til að skera úr málfræðilegum vafamálum. Hann yrði að hafa einhverja sér til ráðgjafar. „Þar væri mannanafnanefnd komin inn aftur bakdyramegin,“ segir Eiríkur. Ekki verði séð að menn verði neinu bættari við það. „Þar fyrir utan er frumvarp Bjartrar framtíðar hrákasmíð og ef það yrði samþykkt yrðu lög um mannanöfn full af innri mótsögnum.“

Slagur um fimm milljarða kvóta

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði íhuga að krefjast forkaupsréttar á skipi og veiðiheimildum Stálskipa, stórútgerðar í bænum. Stálskip í Hafnarfirði hafa sagt upp um 40 sjómönnum á togaranum Þór Hf. 4. Skipið er til sölu, samkvæmt upplýsingum frá Stálskipum. Ýmsir hafa sýnt skipinu áhuga, þar á meðal Síldarvinnslan í Neskaupstað.

Stálskip hafa undanfarið gert út þetta eina skip og eru með kvótamestu útgerðum landsins. Yfir einu prósenti alls fiskveiðikvóta á Íslandsmiðum hefur verið úthlutað til útgerðarinnar. Ætla má að virði kvótans eins og sér sé í kringum fimm milljarða króna.

Samherjamenn á bak við tjöldin

Heimildir blaðsins herma að Síldarvinnslan í Neskaupsstað, sem er stærstum hluta í eigu Samherja, hafi sýnt skipinu áhuga og að einhverjar þreifingar hafi átt sér stað. Þó hefur ekki fengist staðfest að samið hafi verið um sölu, formlega eða óformlega. Blaðið hefur einnig fregnað að fleiri útgerðarfyrirtæki en Síldarvinnslan/Samherji hafi sýnt Þór Hf. 4 áhuga.

„Hlýtur að koma til álita“

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði kynnu hins vegar að krefjast forkaupsréttar á skipi og aflaheimildum. „Það hlýtur að koma til álita hjá okkur að skoða leiðir til þess að kvótinn og þessi útgerð verði áfram í bænum. Þetta eru umsvif sem skipta máli,“ segir Guðrún

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar og bæjarfulltrúi Vinstri grænna. Eftir því sem blaðið kemst næst myndi bærinn seint hefja bæjarútgerð, en gæti, í krafti forkaupsréttar, haft milligöngu um að útgerð og veiðiheimildir haldist í bænum. Þetta hefur hins vegar ekki verið rætt formlega í stofnunum bæjarins.

Málaferli vegna forkaupsréttar

Samkvæmt lögum hefur sveitarfélag forkaupsrétt að skipum sem skráð eru í sveitarfélaginu. Vestmannaeyjabær á í málaferlum vegna kaupa Síldarvinnslunnar/ Samherja á útgerðinni Bergur-Huginn. Sveitarfélagið krefst þess að fá forkaupsrétt og vill halda útgerð og veiðiheimildum í bænum, en ekki hefur verið orðið við því.

Dýr kvóti

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu hafa Stálskip fengið úthlutað um 1,3 prósentum af heildarkvótanum á Íslandsmiðum. Þetta eru um 4.800 þorskígildistonn. Blaðið hafði samband við Reyni Þorsteinsson hjá Kvótamarkaðnum og fékk hjá honum tölur yfir verð á aflaheimildum. Út frá því má áætla virði kvótans í einstökum tegundum sem Stálskip fá úthlutað á togara sinn Þór Hf. 4. Teknar eru saman upplýsingar um verð á þeim tegundum þar sem Stálskip fá mestu úthlutað, en auk þeirra hafa Stálskip einnig fengið úthlutað kvóta í Grálúðu, Steinbít, Gulllaxi og fleiri tegundum.

Tegund	Kvóti verð á kg.	Úthlutað magn kg.	Samtals kr.
Þorskur	2.300	1.359.988	3.127.972.400
Ýsa	2.300	320.913	738.099.900
Ufsi	850	756.353	642.900.050
Karfi	900	1.655.842	1.490.257.800
Djúpkarfi	350	338.341	118.419.350
			4.776.649.500

Konan við 1000° þýdd á 12 tungumál:

„900 spurningar frá hverjum þýðanda“

Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Konan við 1000° hefur hlotið góðar viðtökur víðar en hér á landi. Bókin hefur þegar verið þýdd á sex tungumál og sex þýðingar til viðbótar eru væntanlegar.

Bókin hefur þegar verið þýdd á þýsku, dönsku, frönsku, spænsku, katalónsku og pólsku, en þýðingar á ítölsku, ungversku, rússnesku, hollensku, norsku og litháísku eru væntanlegar. Þetta er þó ekki met hjá Hallgrími í þessum efnum, því bókin 101 Reykjavík var þýdd á 14 tungumál.

„Elska að sjá talað illa um Íslendinga“

„Það er auðvitað gaman að sjá verk sín þýdd og gaman að fylgjast með viðbrögðum sem geta verið mismunandi eftir löndum,“ segir Hallgrímur í samtali við Reykjavík vikublað. „101 Reykjavík gekk til að mynda betur á Ítalíu en víða annarstaðar vegna þess að ítalskir karlmenn búa margir heima hjá mömmu til fertugs. Rokland gekk best í Danmörku, væntanlega af því Danir elska að sjá talað illa um Íslendinga.“

Þúsundir spurninga

Hallgrímur segir að mikil vinna fari í samskipti við þýðendur. „Ég nota mikið af tilbúnum orðum, sem finnast ekki í orðabókum, og stundum halda þeir að ég sé alltaf allan tímann með orðaleiki. Ég fæ að meðaltali 900 spurningar frá hverjum þýðanda. Ég las dönsku og þýsku þýðingarnar yfir en ekki aðrar. Maður hefur ekki tíma í þetta allt og svo er katalónskan mín bara ekki nógu góð.“

Fastur í Konunni við 1000°

En fer ekki töluverður tími í þessar erlendu útgáfur, umfram vinnu við þýðingar? Svo sem við að kynna bækurnar?

„Ég er eiginlega búinn að vera fastur í þessari bók (Konunni við 1000°) í tvö ár, að svara fyrir skandala hér og þar, lesa yfir þýðingar, svara þýðendum og ferðast til að kynna hana, semja leikgerð upp úr henni

Hallgrímur Helgason.

Kápa bókarinnar í ítölsku þýðingunni.

og ég veit ekki hvað og hvað. En nú er að rofa til og ég fer að geta einbeitt mér að næstu bók.“

Óvænt vesen

Í framhaldinu mætti spyrja hvort slíkri útbreiðslu bókarinnar Konan við 1000° fylgi ekki vænar peningasummur.

„Peningur?“ spyr Hallgrímur. „Ég lenti í smá óhappi með The Hitman's Guide to Housecleaning sem fór í efsta sætið hjá Amazon,“ segir Hallgrímur en ensk þýðing bókarinnar Tíu ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, kom út á Amazon í byrjun síðasta árs.

„Allt í einu fóru að streyma inn peningar og maður endaði með ægilegar tekjur á síðasta ári. Það var óvænt og smá vesen því ég hafði þá fengið listamannalaun. En yfirleitt eru þetta nú bara smá búbætur hér og þar,“ segir Hallgrímur Helgason.

„Geturðu sagt þeim að þetta er mjög erfitt,“ sagði sorphirðumaður frá Reykjavíkurborg, þar sem hann ásamt félögum sínum sótti hátíðarsorpið í glerhálku og snjó um síðustu helgi og bað ljósmyndara blaðsins fyrir þessum skilaboðum til lesenda. Nokkuð hefur borið á svellbunkum á stéttum og tröppum í tíðarfari síðustu daga. Það gerir ekki aðeins sorphirðumönnum erfitt fyrir, heldur einnig póst- og blaðburðarfólki sem og öðrum gangandi vegfarendum.

HRAUSTARI 2014

HREYSTI hjálpar þér að ná hámarksárangri

SLENDERTONE™

Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum. Nýju og endurbættu Slendertone ABS beltin og Bottom buxurnar eru lang öflugustu vöðvamóturn-artækin frá Slendertone sem byggja á CSI tækninni til að örva og styrkja kvið-, rass- og lærvöðva.
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum.

Slendertone Abs herra/dömu
Verð kr. 33.995.-

Verð á eldri tækjum kr. 26.995.-

TRX® Suspension Training®

Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.
TRX Pro pakki - verð áður kr. 39.995.-
HRAUSTARA-verð kr. 29.995.-
TRX Force pakki
HRAUSTARA-verð kr. 39.995.-

TRIGGERPOINT nuddrúlla
HRAUSTARA-verð kr. 8.995.-

TRIGGERPOINT nuddrúlla, svört 45 cm
Verð kr. 4.995.-
HRAUSTARA-verð kr. 3.995.-

REJUVENATION
æfingaboltar 55 - 65 - 75 cm
Verð frá kr. 3.995.-

REJUVENATION nuddkefli Verð áður kr. 5.995.-
HRAUSTARA-verð kr. 4.995.-
TIGER TAIL nuddkefli Verð áður kr. 5.995.-
HRAUSTARAverð kr. 4.995.-

Æfingadýna Powerhouse Pro
HRAUSTARA-verð kr. 7.996.-

Æfingadýna Powerhouse
HRAUSTARA-verð kr. 3.996.-

EcoSmart yogadýna 6 mm
HRAUSTARA-verð kr. 4.796.-

BRUNI

Frábært startpakki sem sparkar brennslunni af stað!
Verð áður kr. 19.980.-
HRAUSTARA-verð nú 15.985 kr.

MASSI

Öflugur grunnur að vöðvaaukningu
Verð áður kr. 17.984.-
HRAUSTARA-verð nú 14.387 kr.

IRON GYM
IRONGYM dyraslá, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.
HRAUSTARA-verð kr. 7.995.-

IRON GYM Xtreme
HRAUSTARA-verð kr. 10.995.-

IRON GYM Xtreme Platinium
HRAUSTARA-verð kr. 14.995.-

STYRKUR

Grunnpakki fyrir þá sem vilja styrkja sig!
verð áður 17.980 kr.
HRAUSTARA-verð nú 14.384 kr.

ORKA

Öflugur pakki sem gefur orku og endurhleður vöðvana
Verð áður kr. 12.485.-
HRAUSTARA-verð nú 9.998 kr.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 25 ár
1988 - 2013

Komdu og gerðu betri kaup

ROPE YOGA WORKOUT

Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

Rope Yoga ferðasett + dýna (verð áður kr. 29.895.-)
HRAUSTARA-verð kr. 19.995.-
Rope Yoga bekkur (verð áður kr. 69.800.-)
HRAUSTARAverð kr. 59.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

maxifuel TRX MAXIMUSCLE maxitone IRON GYM SLENDERTONE PhD YORK FITNESS Reebok POLAR BBE SPORTLINE EAS REJUVENATION

WWW.KORTER.IS

LEIÐARI

Sannleikans leitað

Það hljóta að teljast vera nokkur tíðindi að lögmenn tveggja útlendinga kæri innanríkisráðherra, og ekki aðeins ráðherrann heldur alla undirmenn hans. Eins hlýtur að vekja athygli að ríkissaksóknari skuli nú grafast fyrir um hvort minnisblað um persónuhagi fólks, hafi ratað fyrir almenningssjónir fyrir atbeina ráðherra, eða starfsmanna í ráðuneytinu – það væri enda þvert á yfirlýsingar innanríkisráðherra á Alþingi.

Þetta var ekki „leki" í hefðbundnum skilningi. Ekki er útilokað að fólk í valdastöðum hafi látið fjölmiðla fá upplýsingar með það fyrir augum að koma höggi á valdalaust fólk. Það gæti jafnvel talist líklegt þar sem samhljóða fréttir, byggðar á sama minnisblaði, birtust í tveimur fjölmiðlum á saman tíma. Í það minnsta geta upplýsingar sem tengja manneskju við alvarleg afbrot, sem vel að merkja eru ósönnuð með öllu, skaðað hana verulega, spillt stöðu hennar og orðstír. Að upplýsingar af þessu tagi rati til fjölmiðla er ekki leki í hefðbundnum skilningi, heldur snýst málið um hvort beinlínis hafi verið um að ræða atlögu að varnarlausu fólki.

Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur á Alþingi fullyrt að í ráðuneytinu hafi menn leitað af sér allan grun og telji að minnisblaðið hafi ekki farið þaðan.

Ráðherrann hefur bent á Útlendingastofnun og lögreglu sem hugsanlega hefðu getað miðlað minnisblaðinu til fjölmiðla. Hvað er það annað en að lýsa opinberlega algjöru vantrausti á þær stofnanir og stjórnendur þeirra? Hvað á þá að segja um þau ummæli ráðherrans að Rauði krossinn gæti sömuleiðis hafa komið minnisblaðinu á framfæri. Hvaða ástæðu hefði hann til þess? Eins er óhugsandi að lögmenn, sem nú hafa kært ráðherrann og ráðuneytið í heild, hafi látið fjölmiðlum í té upplýsingar sem skaða skjólstæðinga þeirra.

Ekki er útilokað að ríkissaksóknari svari spurningum málið með öðrum hætti en ráðherrann gerði á Alþingi. Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu málsins.

Ingimar Karl Helgason

Maðurinn er ekki vél

John Stuart Mill sagði fyrir nokkru síðan: „[Maðurinn] er ekki vél, byggð eftir fyrirmynd til að vinna fyrirfram ákveðin verk, heldur tré, sem þarf að vaxa og dafna óhindrað í allar áttir…" Hann vildi meina að það hver við erum sem manneskjur skipti máli, bæði fyrir okkur sjálf, okkar hamingju, og fyrir það sem við gerum, að við setjum okkur sjálf í þau verk sem við innum af hendi.

Langflest okkar verjum einna stærstum hluta lífs okkar í vinnunni. Flest vinnum við fyrir einhvern annan að fyrirfram ákveðnum verkefnum sem við höfum lítil sem engin áhrif á. Við mætum í vinnuna og gerum það sem okkur er sagt að gera. Á vinnustað erum við í besta falli ráðgefandi. Venjan er sú að einhver einn eða fámennur hópur manna á einkafyrirtæki sem skipar allsráðandi forstjóra. Hjá hinu opinbera skipar ráðherra allsráðandi forstjóra. Reglan er sú að rekstur

Höfundur er **Sólveig Alda Halldórsdóttir, stjórnarkona í Lýðræðisfélaginu Öldu**

vinnustaða er miðstýrður, með bröttu stigveldi.

Þannig fyrirkomulag hentar vel fyrir vélar til að vinna fyrirfram ákveðin verk en illa fyrir manneskjur sem þurfa að vaxa og dafna í allar áttir. Í miðstýrðu kerfi er minni hvati til þess að vera skapandi og láta að sér kveða. Auðvitað eru margir eftir sem áður skapandi, við erum áfram manneskjur. En tækifærin til að gera meira og betur, til þess að eiga hlutdeild í því framtaki sem fyrirtækið eða stofnunin er, til þess að leggja sitt af mörkum í samstarfi við aðra, eru af skornum skammti þegar valdið situr í höndum eins eða örfárra.

Víða um heim eru fyrirtæki rekin lýðræðislega, eitt atkvæði á mann. Hver og einn hefur sína rödd og sitt atkvæði, til jafns við aðra starfsmenn. Og reynslan sýnir að slíkur rekstur stenst samanburð við miðstýrðan rekstur. Nema að lýðræðislegi reksturinn skilar ýmsum ábata umfram þann miðstýrða, s. s. jafnara launabili, meira til nærsamfélagsins, meira starfsöryggi og -ánægju og betri afkomu þegar þrengir að í kreppum svo eitthvað sé nefnt. Forstjóri McKinsey ráðgjafafyrirtækisins, Dominic Barton, telur að „ársfjórðungslegur kapítalismi leiði ekki til góðrar niðurstöðu - skammtímapressan sé eitruð." Hann telur að nú „þurfi að horfa til samvinnureksturs."

Fyrst þannig er í pottinn búið, að hægt er að reka fyrirtæki á skilvirkan og hagkvæman hátt, fáum að vera manneskjur, á lýðræðislegum grunni - eftir hverju erum við að bíða? Það er eins og einhver álög séu yfir okkur, yfir hagkerfinu. Við framleiðum sífellt meira og hraðar, þökk sé tækni- og vélvæðingu, aukinni þekkingu og menntun. En vinnutími okkar stendur í stað áratugum saman. Við erum ekki vélar og eigum skilið meiri tíma með okkar nánustu. Við eigum skilið lýðræði í vinnunni. Leyfum John Stuart Mill að eiga lokaorðin: „Það form skipulags, eigi mannkyn að bæta sig enn frekar, sem að endingu hlýtur að ráða ríkjum, er ekki hvar kapítalistinn er allsráðandi og verkafólk hefur ekki rödd í stjórnun, heldur félagsskapur verkafólksins sjálfs á jafnræðisgrundvelli, þar sem fjármagn til rekstursins er í sameign þess, og unnið er undir kjörnum stjórnendum sem þau sjálf geta losað sig við."

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ
1. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is, **Veffang:** fotspor.is, **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarlhelgason@gmail.com, **Menningarblaðamaður:** Helga Þórey Jónsdóttir. Netfang: findhelga@gmail.com. **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenskurmatur.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. **Dreifing:** Póst dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Erindi við okkur:

„Stjórnmálamennirnir, hin pólitíska stétt, bera svo töluverða ábyrgð á því að „forstjórastéttin" er gerð stikkfrí. Þeir fara með það stef oft á dag, að leið út úr hverjum vanda sé í því fólgin að „skapa fyrirtækjunum betri rekstrarskilyrði – allt skal víkja (ekki síst velferðarkerfið) fyrir lægri sköttum á fyrirtæki og annarri fyrirgeiðslu sem á að bæta samkeppnisstöðu þeirra eins og það heitir. Og

síðan þykir það mesta frekja, öfundsýki og ósvífni að spyrja hvernig þessi sömu fyrirtæki noti sér svigrúmið sem stjórnmálamenn skapa þeim. Forstjóragræðgin verður feimnismál."

Árni Bergmann – í Pressunni 1993

HÉÐAN OG ÞAÐAN …

Útvarpsstjóri „got talent"?

Nú spekúlera margir í vænt-anlegum útvarpsstjóra, en umsóknarfrestur um stöðuna er við það að renna út. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi þingkona og ráðherra, hefur oftar en tvisvar verið nefnd í þessu sambandi. Hún hefur nýlega tekið við stjórnunarstöðu hjá Samtökum atvinnulífsins og látið hafa eftir sér að henni líki starfið vel. Þá hefur hún tekið að sér að vera dómari í þætti Stöðvar 2 „Ísland got talent". Það var stundum gagnrýnt að Páll Magnússon skyldi lesa fréttir meðan hann var útvarpsstjóri. Hætt er við að einhverjir fettu fingur út í að útvarpsstjórinn yrði tíður gestur á skjánum hjá keppinauti, svo ekki sé talað um á launaskrá.

Lágt settur millistjórnandi

Nú er það svo að auglýsingin um hina lausu stöðu er heldur almennt orðuð. Sóst er eftir manneskju með háskólamenntun sem nýtist í starfi, leiðtogahæfileikum, stjórnunar- og rekstrarreynslu og reynslu af stefnumótun og innleiðingu stefnu.

„Þetta er svo opið og léttvægt, að ætla mætti að þarna væri auglýst

eftir lágt settum millistjórnanda í möppudýrastofnun, en ekki æðsta yfirmanni ríkisfjölmiðils," sagði Þorfinnur Ómarsson, fjölmiðlamaður, meðal annars á Facebook síðu sinni.

Gárungar spá

Vonandi verður það ekki svo að öflugt og reynt fólk, með rætur í menningarstarfi og fjölmiðlum, verði sjálfkrafa útilokað frá stöðunni, svo „flokksdindlill" sem uppfyllir hin almennu skilyrði komist að. Vísir greindi frá því í frétt í síðustu viku, sem raunar hvarf af vefnum, að stjórnarflokkarnir hefðu samið um að sjálfstæðismaður fengi útvarpsstjórastólinn, en framsóknarmenn á móti frekari ítök á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Gárungar, sem raunar eru sumir í hópi helstu álitsgjafa íslenskra fjölmiðla, gera því skóna að Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri og eigandi Pressunnar, verði í framhaldinu settur yfir fréttastofuna. Spyrja má hvaða áhrif það hefði á traust fréttastofu Ríkisútvarpsins, en Pressan hefur undanfarið vermt botnsætið í slíkum mælingum …

Í FRÉTTUM

Ókeypis auglýsing

Brugghúsið Steðji ætlar að brugga hvalabjór og selja hann hérlendis um þorrann. Hvalamjöl úr langreyðum verður notað í bjórinn. Spyrja má hvort þá muni ganga á lagerinn hjá Kristjáni Loftssyni, sem kenndur er við Hval hf., en hægt mun hafa gengið að selja þær langreyðar sem veiddar hafa verið. En þetta er allavega auglýsing.

Virkjað út í loftið?

Orkufyrirtæki sækjast eftir því að sex náttúrusvæðum sem sett voru í verndarflokk í rammaáætlun, verði færð yfir í nýtingarflokk. Þau leggja einnig til fleiri breytingar á flokkun rammaáætlunar, sem er samþykkt Alþingis, svo þau geti virkjað og búið til rafmagn. Fátt hefur komið fram um í hvað allt þetta rafmagn ætti að fara. Þóra Ellan Þórhallsdóttir, sem var formaður faghóps við undirbúning rammaáætlunar sagði við Fréttablaðið um Þjórsársvæðið, að það væru náttúrverðmæti en ekki orkuverðmæti sem væru „grundvöllur þess að svæðið er sett í verndarflokk."



Auka núll

Komugjöld á heilsugæslu hækkuðu um 15-20 prósent um áramót. Þetta hefur verið gagnrýnt. Haft var eftir Kristjáni Þór Júliussyni, heilbrigðisráðherra, að þessar hækkanir hefðu legið fyrir og komi „ágætlega heim og saman við fyrirheit stjórnvalda". Það stenst nú tæplega, þar sem því var lofað við gerð kjarasamninga að gjaldskrárhækkanir yrðu á pari við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Það er 2,5 prósent. Kannski héldu menn að það væri auka núll í verðbólgumarkmiðinu?

Á haus

Ráðherrann sagði líka að hagur almennings muni batna þegar „heildarsamhengi hlutanna er skoðað". Ekki skýrði hann hvernig fólk á að hagnast á því að greiða meira fyrir heilbrigðisþjónustu þegar það veikist.

ÞÚ SPARAR 700 KR./M²

Vnr. 0113448
Plastparket, Elegant eik, þriggja stafa, 192x1285x8 mm.
1.790 kr./m²
FULLT VERÐ: 2.490 kr./m²

ÞÚ SPARAR 7.000 KR.

Vnr. 42371148
SINGER saumavél.
15.990 kr.
FULLT VERÐ: 22.990 kr.

Vnr. 74800555
BAVARIA höggborvél.
1.990 kr.
FULLT VERÐ: 4.490 kr.

ÞÚ SPARAR 2.500 KR.

ALLT Á AÐ SELJAST
LAGERHREINSUN

LAGER-HREINSUN!

4.-19. JANÚAR

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

Vnr. 68392407
LUX verkfæraskápur á hjólum. Alls 111 stk.
35.990 kr.
FULLT VERÐ: 45.990 kr.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 74804113
BAVARIA rafhlöðu-borvél, 14,4V.
1.990 kr.
FULLT VERÐ: 2.990kr.

ÞÚ SPARAR 2.700 KR.

Vnr. 49961650
ROASTER pottur.
2.790 kr.
FULLT VERÐ: 5.490 kr.

ÞÚ SPARAR 3.500 KR.

Vnr. 51353302/6-7
BONN útiljós, svart eða hvítt, G23, 2x9W, IP44.
3.990 kr.
FULLT VERÐ: 7.490 kr.

ÞÚ SPARAR 2.000 KR.

Vnr. 40850702
Þvottasnúra, standur.
4.990 kr.
FULLT VERÐ: 6.990 kr.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 77700654
FISCHER verkfærabox, 51 cm.
2.990 kr.
FULLT VERÐ: 3.990 kr.

ÞÚ SPARAR 4.000 KR.

Vnr. 65105826
Þilofn með gegnum-streymi, 1600W.
5.490 kr.
FULLT VERÐ: 9.490 kr.

ÞÚ SPARAR 400 KR.

Vnr. 92202021-6
CAT REAL vinnusokkar, 3 pör í pakka.
1.195 kr.
FULLT VERÐ: 1.595 kr.

ÞÚ SPARAR 3.000 KR.

Vnr. 65103241
SINBO safapressa, 800 ml, 400W.
5.990 kr.
FULLT VERÐ: 8.990 kr.

Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell fyrir fjóra, alls 20 stk.
3.990 kr.
FULLT VERÐ: 5.990 kr.

ÞÚ SPARAR 2.000 KR.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur tást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Gildir meðan birgðir endast.

EXPO · www.expo.is

Helga Sörensdóttir fæddi fyrsta barn ársins á heimili sínu í Garðabæ:

Fyrsta barn ársins fæddist heima

„Ég tók hana strax i fangið og hún tók brjóstið um leið. Naflastrengurinn var klipptur tveimur tímum síðar," segir Helga Sörensdóttir. Dóttir hennar, rúmlega viku gömul, var fyrsta barnið sem fæddist hér á landi árið 2014. Helga fæddi dótturina heima hjá sér í Garðabænum, með aðstoð Kristbjargar Magnúsdóttur, heimafæðingaljósmóður.

Sú stutta kom í heiminn klukkan 26 mínútur í 6 á nýársnótt. Hún vó rúmar 13 merkur (3.270 grömm) og var mæld 50,5 sentimetra löng.

Helga á einnig dótturina Amelíu Líf Bjarkadóttur sem er fimm ára og fékk að sjá litla systur þegar hún vaknaði á nýársmorgun.

Beið fram yfir miðnætti

Blaðamaður fékk að hitta mæðgurnar í vikunni og heyra um fæðingu fyrsta barnsins á árinu.

„Þetta gekk bara rosa vel. Aðdragandinn var langur, en allt fór á fullt um tíuleytið á gamlárskvöld," segir Helga. Hún hafi náð að horfa á skaupið með hálfu auga, en hríðirnar voru byrjaðar. „Þetta var samt skemmtilegasta skaup sem ég hef séð," segir Helga hlæjandi. „Ég þrjóskaðist svo við fram yfir miðnættið svo dóttirin gæti klárað sprengjurnar sínar og við vorum komnar heim um eittleytið."

Ljósmóðir á sparifötum

Helga segir að amman Bryndís Þóra Jónsdóttir, hafi svæft Amelíu Líf, og síðan hafi hún tekið upp símann. „Ég hringdi í Kristbjörgu sem hentist til mín í sparifötunum," segir Helga.

Hún lýsir aðdraganda fæðingarinnar þannig að hún hafi framan af nóttu verið í laug inni í stofu. Dótturina fæddi hún hins vegar standandi, sem fyrr segir á sjötta tímanum, en þá var Áslaug Hauksdóttir, heimafæðingaljósmóðir einnig komin til aðstoðar.

Dóttirin „flaug út"

„Ég var orðin svo máttlaus i fótunum að það þurfti að halda mér uppi þar sem ég stóð, svo Kristbjörg bókstaflega greip stúlkuna þar sem hún „flaug" út í einni hríð! En ég tók hana svo strax i fangið og hún tók brjóstið um leið," segir Helga. Naflastrengurinn var klipptur tveimur stundum síðar, en það gerði amman, Bryndís Þóra.

„Tilfinningin var ólýsanleg," segir Helga. „Mig minnir að ég hafi sagt „glætan" nokkuð oft," segir Helga brosandi. „Ég var eiginlega steinhissa að sjá þessa litlu manneskju."

Mæðgur á bleiku skýi

Helga segist ekki hafa fengið nein verkja- eða deyfilyf við fæðinguna. Og hún hafi heldur ekki stuðst við öndunaræfingar. „Þetta var bara harkan."

Eldri dóttirin Amelía Líf rumskaði hins vegar ekki við fæðinguna. Hún vaknaði ekki fyrr en ljósmæðurnar voru farnar og búið að ganga frá öllu.

En hvað finnst stóru systur um litla barnið?

„Sú stutta tjáði mer i fyrradag að hún væri ástfangin af litlu systur. Svo hún er á sama bleika skýi og mamman," segir Helga.

„Taka enga óþarfa sénsa"

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fæða heima?

„Það kom bara ekkert annað til greina hjá mér. Mér finnst ekkert sjúklegt við fæðingar og finnst ekki að þær eigi heima inni á sjúkrahúsi undir venjulegum kringumstæðum. Auðvitað er gott að geta leitað þangað ef eitthvað kemur upp á eða maður þarfnast hjálpar. Og á Reykjavíkursvæðinu eru allir svo nálægt sjúkrahúsi að það er alveg hættulaust að ætla að gera þetta heima hjá sér. Það er svo stutt í hjálpina ef þarf, og við eigum svo brilljant ljósmæður sem maður getur treyst að taki enga óþarfa sénsa."

Móðir og dóttir.

Amelía Líf er ástfangin af litlu systur.

Helga Sörensdóttir er þrítug, sjálfstæð móðir, og býr í Garðabænum. Hún lærði matreiðslu, og hefur starfað á ýmsum veitingahúsum. Hún starfar nú í Réttarholtsskóla og eldar skólamat. „Vaktavinnan á veitingastöðunum passar ekki mjög vel við móðurhlutverkið," segir Helga.

Ómetanleg reynsla

Helga segir að fyrir fæðingu Amelíu Lífar hafi einnig verið á áætlun að fæða heima, en það hafi ekki gengið í það sinn. „Við þurftum hjálp, svo hún kom í heiminni uppi á spítala," segir Helga. Upplifuninni af því að fæða heima og á spítala verði ekki jafnað saman. Hún hafi heldur dapra reynslu af spítaladvölini, til dæmis vegna þess að manni hennar hafi verið vísað úr húsi, „hent út og heim," þremur klukkustundum eftir fæðinguna.

„Það er bara svo geggjað að geta skriðið uppi sitt eigið rúm með nýja hnoðrann sinn og farið í sína eigin sturtu og vera í sínu umhverfi," segir Helga með áherslu. „Þetta er ómetanlegt að mínu mati."

Spítalinn neyðarúrræði

Helga segir að í undirbúningi heimafæðingar verði sambandið við ljósmóðurina innilegra. „Maður kynnist henni meira persónulega og heimsóknirnar eru lengri, en undirbúningurinn hjá mér var í rauninni ekki mikið meiri."

Hún bætir því við að fyrir sér sé heimafæðing ekki val heldur sjálfsagður hlutur. „Mér finnst spítalinn ekki vera valkostur, heldur neyðarúrræði.

- Hvernig upplifir þú umræðuna um heimafæðingar?

„Það fer svolítið eftir þvi við hvern maður talar, í hvaða átt umræðan fer. Mér finnst að það sé aðallega fólk sem ekki á börn, eða fólk sem hefur ekkert lesið um fæðingar sem heldur að heimafæðingar séu hættulegar.

Nú er sigið á seinni hluta heimsóknar blaðamanns til litlu fjölskyldunnar í Garðabæ, en ein spurning verður að fljóta með. Er litla stúlkan komin með nafn?

„Já, en það verður ekki gert opinbert fyrr en i nafngiftarveislunni," segir Helga Sörensdóttir hlæjandi að lokum.

Einkarekið Apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Ljósveitan

Kemur með háhraðanetið

Míla tengir heimili landsins við Ljósveituna. Við nýtum nútímatækni, fyrirliggjandi leiðslur og rými til að koma Ljósveitunni til heimila vítt og breitt um landið. Þannig á mikill fjöldi íslenskra heimila kost á háhraðatengingu á fljótlegan hátt í stað þess að þurfa að bíða í mörg ár eða áratugi eftir kostnaðarsömum framkvæmdum.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á mila.is

ENNEMM / SIA / NM59970

Hafðu samband við eftirtalda aðila til að kaupa þjónustu um Ljósveituna:

Tölvustoð · vodafone · snerpa · Símafélagið · Netsamskipti ehf. Network Communications · 365 · Fjölnet · Hringdu · Hringiðan · Síminn · TAL

mila
Lífæð samskipta

HRINGBORÐIÐ

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni líðandi stundar með lesendum. Fólk víða að úr samfélaginu mun setjast við Hringborðið og svara einni spurningu frá ritstjórn. Í þessu fyrsta tölublaði ársins reynum við að horfa fram á veginn og spyrjum einfaldlega: Hvað sérð þú fyrir þér að muni bera hæst á árinu sem var að hefjast?

Hildur Knútsdóttir, rithöfundur

Samstaða um stærsta málið

„Það fer náttúrulega eftir því hver horfir hvað ber hæst, en ég held að loftslagsbreytingar af mannavöldum sé málefni sem mun réttilega krefjast sífellt meiri athygli, enda er þörfin fyrir aðgerðir brýn og verður bara brýnni. Og það fer að koma að því að við neyðumst öll til að horfast í augu við þetta erfiða málefni og margir spá því að árin 2014 og 2015 verði helguð baráttunni um alþjóðlega samstöðu um loftslagsmál.“

Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði

Verkföll og verðbólga

„Það sem ég held muni bera hæst á árinu 2014 eru kjara- og vinnumál. Nú í vor verða lausir kjarasamningar hjá ýmsum stéttum, t.d. kennurum, og vegna áframhaldandi niðurskurðar hins opinbera sem bitnar á starfi ýmissa stétta býst ég jafnvel við að sumar þeirra nýti verkfallsleiðina til þess að fá kröfur sínar uppfylltar. Þá óttast ég að skuldaniðurfellingin muni skila sér í aukinni verðbólgu, sem þýðir að ávinningur kjarasamninganna verður enginn. Þá hef ég áhyggjur af því að aðhaldsleiðin sem ríkisstjórnin hefur valið muni valda auknu atvinnuleysi en einnig verður minna gert fyrir þá atvinnulausu, því vinnumarkaðsúrræðum fækkar mjög á árinu.“

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Misskipting áberandi

„Það þarf ekki að vera mjög spákonulega vaxin til að segja fyrir um sveitastjórnarkosningar á næsta ári en ég tel ekki að úrslit þeirra boði tímamótabreytingar á daglegu lífi fólks. Hins vegar eru kjarasamningar á hinum opinbera markaði lausir í upphafi árs og þar gæti dregið til tíðinda og verið hart barist. Aukin misskipting verður meira áberandi og sífellt meira í umræðunni, bæði í tengslum við kjarasamninga og næstu fjárlög. Þá er ég ansi hrædd um að vandi heilbrigðiskerfisins og húsnæðisvandi fólks verði fyrirferðamiklir póstar í fjölmiðlum.“

Pétur Örn Guðmundsson, tónlistarmaður

Ábyrgð fylgi gjörðum

„Það sem ég held að muni bera hæst á næsta ári er hugsanlega tvennt.

Annars vegar umræða um heiðarleika og þar með trúverðugleika og ábyrgð stjórnmálamanna og kvenna. Að það líðist ekki lengur að stjórnmálamenneskjur geti lofað og sagt hluti án þess að ábyrgð fylgi þeim gjörðum.

Hitt er ofsafengin netumræða á lágu plani og hvernig ómálefnaleg umræða knýr ummælakerfi fjölmiðlanna áfram. Ábyrgð fjölmiðla hlýtur að tengjast því. Og í kjölfarið á því að fólk reyni að hugsa sinn gang og láta ekki aðeins eina hlið á einhverju máli móta sína skoðun á því, heldur kynna sér báðar hliðar og láta vera að dæma í dómstóli götunnar.“

Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og sirkuslistakona

ESB heit kartafla

„Ég held að fyrirhuguð skuldaniðurfelling og velferð heimilanna verði áfram aðalmálið árið 2014. Reyndar er auðvelt að sjá fyrir sér að áherslubreytingar og uppstokkanir í kjölfar nýlegra ríkisstjórnarskipta muni geta af sér heitar umræður hvað ýmis þjóðmál varðar, sérstaklega velferðar- og umhverfismál. Svo má ekki gleyma hinni síheitu kartöflu sem er umræðan um Evrópubandalagið og ólíka sýn landsmanna á því í hverju sjálfstæði Íslands sé falið. Persónulega get ég þó auðvitað ekki vonað annað en að mál málanna verði Stóra Sirkussumarið. Ég starfa með Sirkus Íslands og við erum nýbúin að kaupa fyrsta sirkustjald Íslandssögunnar. Í sumar stefnum við á að ferðast með tjaldið hringinn í kringum Ísland og gleðja börn og fullorðna með frábærum sýningum og sirkusnámskeiðum í eigin heimabyggð. Þeir töfrar sem leynast undir tjaldhimninum geta lyft hverri brún og hafið andann upp og út fyrir hversdaginn!“

Lára Magnúsardóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs HÍ á Norðurlandi vestra

Átök um Reykjavík

„Það er fyrirsjáanlegt að Sveitarstjórnarkosningar munu halda Íslendingum við efnið fram á vor og að baráttan um Reykjavík verður átakamikil. Fyrri hluti sumars verður undirlagður af fótboltanum í Brasilíu, hvort sem manni líkar betur eða ver. Í ágúst kemur svo í ljós hvort Skotar kjósi sér sjálfstæði og eftir því sem líður á árið verður grannt fylgst með því sem gerist í Afganistan. Annars verða umræður um útfærslur á tilboði um skuldbreytingar fyrir almenning, Evrópusambandið og sérstakan saksóknara umræðuefni út árið. Hvort Ríkisútvarpið verður í stóru hlutverki ræðst af því hvaða stefnu nýr útvarpsstjóri tekur.“

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves:

Ríkisstjórnin siglir í strand

„Við erum auðvitað að sigla á mjög kunnuglegar slóðir. Virkjun, stemming, uppgrip, djamm og gleði. Held reyndar að gamanið verði heldur stutt - enda staða þjóðarbúsins með þeim hætti að sukkið getur ekki staðið lengi yfir. Ástandið er eins og á langt gengnum alka - getur eiginlega ekki drukkið og virðist heldur ekki geta verið edrú.

Sveitarstjórnarkosningarnar verða auðvitað spennandi - spái því reyndar að framsókn missi verulegt fylgi - þó svo að hafa ekki mikið fylgi miðað við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Sjálfstæðisflokkurinn réttir úr kútnum en þó ekki í Reyjavík. Flokkurinn nýtur þess að samstarfsflokkurinn ríkisstjórn er jafn illa mannaður og raun ber vitni. Þeir sem tjá sig fyrir flokkinn hljóma eins og mestu óratorar miðað við dreggjarnar sem tjá sig fyrir Framsóknarflokkinn.

En það er líka von. Fólk mun átta sig og ríkisstjórnin siglir í strand á árinu. Og við tekur stjórn fólks sem lætur sig hag þorra almennings varða í stað örfárra. Það verða miklar breytingar og kyrrð kemst á hina mjög svo tættu þjóðarsál. Mikið hlakka ég til.“

Verkföll og vinnudeilur kynnu að vera framundan. Mikil óánægja er með nýgerða kjarasamninga SA og ASÍ.

Kennarar eru óánægðir með kjör sín. Þeir eru ákveðnir í kröfugerð sinni, en kjarasamningar þeirra losna á árinu.

Hlýnun jarðar hefur í för með sér bráðnun íss við pólana. Hildur Knútsdóttir vonar að málið komist fyrir alvöru á dagskrá.

„Við erum á leið á kunnuglegar slóðir," segir Grímur Atlason. Norðlingaölduveita myndi þurrka upp fossinn Dynk.

Gleðilegt nýtt ár og þökkum samfylgdina á liðnu ári

EFLING
STÉTTARFÉLAG

ÞRÍR FRAKKAR

samskip

VIÐ ERUM Í ÞÍNU BÆJARFÉLAGI
STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir fyrir þig

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

MOSFELLSBÆR
virðing jákvæðni framsækni umhyggja

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

LÖNDUN EHF.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, 110 R | Sími: 580-5200 | Fax: 580-5220 | Net: www.rafis.is
HEILDARSAMTÖK LAUNAMANNA Í RAFIÐNAÐI

VÉLASALAN
Tæknivík sterkir saman
Dugguvogi 4 • 104 Reykjavík
Sími: 520 0000 • www.velasalan.is

MENNINGIN

Helga Þórey Jónsdóttir

Norrænt popp og plötusnúðar:

Nýr vettvangur fyrir tónlistarfólk og tónlistarpekúlanta

Nordic Playlist er nýr vettvangur á vegum Nordic Music Export (NOMEX) þar sem ný tónlist frá fimm Norðurlöndum er kynnt. Í hverri viku verða tvö lög með tónlist frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð valin saman á tíu laga lista sem birtur verður á síðunni endurgjaldslaust fyrir hlustendur. Verkefnið var sett á laggirnar með það fyrir augum að styrkja norrænt tónlistarlíf og auðvelda tónlistaráhugafólki að komast í tengsl við nýtt efni. Listunum má streyma bæði af síðu Nordic Playlist (nordicplaylist.com) og af tónlistarveitum samstarfsaðilanna Spotify, Deezer og WiMP. Fyrsti listinn er samsettur af ritstjóra Nordic Playlist, Francine Gorman, og verða þeir framvegis valdir af tónlistarmönnum og öðru fagfólki úr tónlistariðnaðinum.

Plötusnúðar njóta sín

Á síðunni er sérstakur hluti tileinkaður plötusnúðum. Þar fá norrænir skífuþeytar að setja saman og hljóðblanda lagalista að eigin vali sem streymt er af síðunni. Danski plötusnúðurinn Kasper Bjørke er fyrstur til leiks, en hann hefur getið sér gott orð innan raftónlistarheimsins og er í hópi virtustu plötusnúða á Norðulöndunum. Anna Hildur Hildibrandsdóttir framkvæmdastjóri Nordic Music Export segir Bjørke hafa sýnt verkefninu áhuga frá því síðastliðið haust. „Hugmyndin um að hafa plötusnúð fæddist hjá vefhönnuðinum okkar, Slobodan, og vegna þess hve áhugasamur Kaper hafði verið settum við okkur í samband við hann til þess að útfæra hugmyndina nánar.“ Á lagalista Bjørke má einna helst finna nýlega danstónlist, einkum tónlist sem hann leikur mkið á klúbbum um þessar mundir. Plötusnúður vikunnar velur svo þann næsta til þess að taka við keflinu og valdi Bjørke hinn íslenska DJ Sexy Lazer (Jón Atli Helgason) til þess að leggja fram sína lagablöndu.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir

Kasper Bjørke

Ekki aðeins streymi

Auk þess að streyma vikulegum lagalistum frá tónlistarpekúlöntum og plötusnúðum verður einnig lögð áhersla á að fjalla um tónlist og þá einkum að vekja athygli á ungu og áhugaverðu tónlistarfólki. Sem dæmi má nefna að í hverri viku verður lag með nýjum og spennandi tónlistarmönnum eða hljómsveitum kynnt sérstaklega auk þess sem listar yfir vinsælustu tónlistina í hverju landi fyrir sig verða kynntir.

KINAHOFID

TILBOÐ

SÚPA DAGSINS OG FJÓRIR RÉTTIR:

- Nautakjöt í kungpaósósu
- Kjúklingur í sataysósu
- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Núðlur með grænmeti

Allt þetta fyrir 1.590 kr. á mann

Tekið heim 1.450 kr. á mann

Heimsent:
1.590 kr. + 900 kr. heimsendingargjald

www.kinahofid.is

NYBILAVEGUR 20 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 554 5022

Söngskólinn í Reykjavík

SÖNGNÁM

Í byrjun janúar verða inntökupróf í örfá skólapláss sem losna:

- Unglingadeild yngri *11-13 ára*
- Unglingadeild eldri *14 -15 ára*
- Almenn tónlistardeild *Grunn-/ Mið-/ Framhaldsnám*
- Háskóladeild *Einsöngs-/ Söngkennaranám*

SÖNGNÁMSKEIÐ

13. janúar byrja 7 vikna söngnámskeið:

- fyrir áhugafólk á öllum aldri
- kennt utan venjulegs vinnutíma
- raddbeiting / túlkun / tónfræði

• www.songskolinn.is

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 10–16 alla virka daga

Ekki missa af ...

...leikritinu Stóru börnin – ást til sölu sem sýnt verður í Tjarnarbíói í kvöld. Sýningin hefur fengið mikla athygli og jákvæða dóma, en þar er tekist á við spurningar um ástina og gildi hennar. Í verkinu er sagt frá miðaldra smið, Kristjáni, sem kemur í hús Mömmu í leit að ást sem hann er tilbúinn til að borga fyrir. Móðurást. Mamma elskar hann og annast fyrir ákveðna upphæð, eins og önnur stór börn. Lab loki sýnir verkið í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Lilja Sigurðardóttir skrifaði verkið. Sýningin í kvöld er sú síðasta sem hefur verið auglýst.

...sýningunni Dagar undrabarnsins eru á enda í gallerí Þoku, Laugavegi 25. Þar greina myndlistarkonan Rakel McMahon og ljóðskáldið Bergþóra Snæbjörnsdóttir samfélagið út frá sjónarhóli einstaklingsins, einveru innan þess og fáránleika. Þær skoða einnig flökt milli einkalífs og gæguþarfar, hrifningar og blætis, minnis og fortíðarþrár. Sýningin stendur frá klukkan 16:00 til 18:00 og hefst á gjörningi.

...kvikmyndinni Hross í oss í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Myndin er hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og hefur unnið til verðlauna, meðal annars á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Tokyo. Hross í oss er sýnd í Bíó Paradís klukkan átta í kvöld.

...tónleikum gítarleikarans Hilmars Jenssonar í tónlistar- og menningarhúsinu Mengi að Óðinsgötu 2. Hann hefur útskrifaðist frá tónlistarskóla FÍH árið 1987 og lauk BM gráðu frá Berklee College of Music. Hilmar hefur leikið með tríói sínu TYFT í 35 löndum og hefur hljóðritað með fjölda tónlistarmanna um heim allan.

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is

Svavar Halldórsson

2014 – árið sem Sushi sló í gegn

Heilssoðin þverskorin ýsa var einn algengasti hvunnsdagsmatur á Íslandi fyrir ekkert alltof mörgum árum. Nú sést hún varla á borðum hjá venjulegum barnafjölskyldum. Ekki að það sé sérstök eftirsjá að ofsoðnum mat. Hitt er verra að samhliða brotthvarfi ofsoðnu ýsunar af borðum landsmanna hefur heldur dregið úr fiskneyslu. Mötuneyti grunnskólanna virðast reyndar standa sig þokkalega í að gefa krökkum fisk, en síðan ekki söguna meir. Nú er svo komið að ungt fólk lítur varla við fiski. Þetta má lesa út úr rannsóknum Matís.

Fiskátið nútímavætt

Matís hefur gert nokkrarar rannsóknir á fiskneyslu Íslendinga og viðhorfa fólks til neyslu á fiski. Sú nýjasta var gerð í fyrra, en því miður eru niðurstöðurnar ekki enn aðgengilegar. Hins vegar kemur fram í rannsóknarsmýrlu frá 2011 að Íslendingar borði fisk sem aðalrétt að meðaltali tvisvar í viku, oftast ferskan. Flestir telja fisk enda hollan og góðan. Ekki má minna vera samkvæmt manneldismarkmiðum. Ýsa er vinsælust en þorskur í öðru sæti. Helmingur landsmanna tekur lýsi daglega. Nú hefur reyndar verið boðuð verðhækkun á þeim ágæta vökva, sem er miður.

Önnur hver fiskmáltíð er borðuð utan heimilis, í mötuneytum eða á veitingastöðum. Það virðist hins vegar vera skýr fylgni á milli þess hversu mikið foreldrar borða af fiski og hversu börnin eru gefin fyrir þennan holla og góða mat. En jafnvel þótt ungt borði ekki nóg af fiski, jókst neysla þessa hóps frá 2006 til 2011. Matís hleypti af stokkunum átaki síðasta haust sem heitir *Fisk í dag*. Það er vel, og í tengslum við það er haldið úti heimasíðu, gerðar rannsóknir og jafnvel sjónvarpsþættir. Reynslan utan úr heimi sýnir okkur hins vegar að eina leiðin til að auka fiskneyslu er að nútímavæða hana.

Íslenskt sushi á heimsmælikvarða

Hvernig nútímavæðir maður fiskneyslu? Jú, með því að fleygja þverskornu ofsoðnu ýsunni á ruslahauga sögunnar og tileinka sér þær eldunaraðferðir sem bestar eru annars staðar. Þetta hefur sem betur fer gerst hér á landi, en betur má ef duga skal. Það er ekki ofsögum sagt að við búum að besta hráefni í heimi. Hér er mikið og gott aðgengi að fjölbreyttu og fersku sjávarfangi. Rannsóknir Matís benda til þess að unga fólkið vilji frekar tilbúna rétti, saltfisk og ekki síst sushi.

Sushi hefur farið mikla sigurför um heiminn síðustu þrjátíu ár, allt frá því bandarískir kokkar af japönskum ættum sóttu þessa matreiðsluhefð til lands forfeðranna. Nánar verður farið yfir uppruna og þróun sushi í þessu blaði síðar. Frá Kaliforníu hefur þessi matargerð breiðst út um Bandaríkin og Evrópu. Sushi hefur náð nokkurri fótfestu hér og nokkrir frábærir sushi-veitingastaðir eru á höfuðbrogarsvæðinu og á Akureyri. Íslenskt sushi er á heimsmælikvarða, enda hráefnið einstakt og nokkrir frábærir fagmenn úr hópi íslenskra matreiðslumanna hafa tekið það upp á sína arma.

Einfalt að gera sushi

En eftir stendur samt sem áður að íslensk ungmenni borða ekki nógan fisk – að því er virðist að hluta til af því þau

læra það ekki heima hjá sér. Við vitum hins vegar að sushi er vinsælt en það þykir kannski dálítið dýrt að borða oft á veitingastöðum. Hvað er þá til ráða? Jú, það liggur í augum uppi að auka þarf sushigerð á heimilum. En fólk virðist mikla fyrir sér að gera sushi heima. Það sýna erlendar rannsóknir. En reynsla annara þjóða sýnir að fiskneysla hefur aukist þar sem sushi hefur orðið vinsæll heimilismatur – sérstaklega hjá ungu fólki.

Hér er pínulítið leyndarmál: Það er ekkert sérstaklega flókið að gera sushi heima hjá sér. Til eru alls kyns tæki og græjur sem gera þetta auðvelt og einfalt! Matís ætti því að huga sérstaklega að því að fá fólk til að gera sushi heima í átaki sínu til að auka fiskneyslu ungmenna. Ef börn læra að gera sushi á einfaldan hátt í heimahúsum, er það þekking sem þau taka með sér út í lífið. Matís ætti að setja sushigerð í heimahúsum í öndvegi í sínu átaki til að auka fiskneyslu. Til þess að ná því markmiði að auka fiskneyslu ungmenna á þessu ári þarf árið 2014 að verða í sögubókum árið sem sushi sló í gegn!

Ábendingar, góð ráð og uppskriftir

Ábendingar frá lesendum Reykjavíkur um hvaðeina sem tengist mat eru vel þegnar. Verið óhrædd við að hafa samband, hvort sem um er að ræða skemmtilega siði, reynslusögur af veitingastöðum eða úr verslunum, ábendingar um sniðuga matvöru, ræktun eða framleiðslu. Endilega sendið okkur línu á netfangið svavar@islenskurmatur.is. Góðar uppskriftir eru líka vel þegnar.

Fagleg þjónusta

Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að viðhaldi húsa. Við gerum föst verðtilboð

Þakviðgerðir
Þakrennur
Niðurfallsrör
Þakjárn
Þakkflassningar
Þakgluggar
Þakleki
Þakmálun
Gluggaskipti
Almennt viðhald húsa

Næstu skref
Hafðu samband
Við mætum á svæðið
Við gerum úttekt á verkinu FRÍTT
Við gerum þér fast verðtilboð þar sem við á
Við klárum verkið með vönduðum vinnubrögðum
Þú býður vinunum í heimsókn að sjá flotta húsið

Rennur og Niðurföll slf. - www.rennur.is - rennur@rennur.is - Sími: 694-8448

Sanngjörn verð

Nýr Fiskur daglega!

FISKBÚÐIN HAFRÚN

Skipholti 70 • Sími 553 0003

ÚTSALA

Allt að 70%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Písa-Rín Sófasett 3+1 verð 169.900 áður ~~286.800~~



Valencia sett 3+1+1 verð 140.900 áður ~~469.900~~

Tungusófar frá 125.930 kr
Hornsófar frá 143.900 kr
Sófasett frá 140.900 kr

Hillur 15.900 stærð: 80x206x42

Sjónvarpsskápar 33.500 verð áður 47.900

Púðar og fjarstýringavasar verð frá 2.900 nokkrir litir

Rúm 153x200 frá 99.000 verð áður 218.900

Bast stólar 9.900 verð áður 24.900

Heilsukoddar 2.900 verð áður 6.900

Skenkur 235x80x52 frá 77.000 verð áður 221.900

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

✔ Smur- og hjólbarðaþjónusta
✔ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURÞJÓNUSTA – SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOÐ

Smurstöðin KLÖPP
VIÐ VEGMÚLA S. 553 0440
Opið kl. 8-18 virka daga
og kl. 10-14 laugardaga

ÖGURVÍK

Ögurvík býður sjómönnum, starfsmönnum sínum, sem og öllum landsmönnum,

gleðilegt ár.

FJÖLMIÐLAR

Áróður fyrir eigendur?

Ingimar Karl Helgason

Blaðamaður gætir fyrst og síðast hagsmuna lesenda. Þetta þykja okkur almenn sannindi og er í siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Blaða- og fréttamenn hafa nefnilega það hlutverk að upplýsa almenning. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins virðist hins vegar hafa aðrar hugmyndir um þetta. Fjölmiðill hafi eingöngu skyldur við eiganda sinn. Það stenst ekki.

Staðlaus fullyrðing

Upplýsandi klausa birtist í leiðara Mbl. 3. janúar:

„Fréttablaðið hefur að vísu engar skyldur við neinn nema eiganda sinn, því blaðið er borið til þeirra sem vilja ekki fá það, sem hinna. Ríkisútvarpið hefur á hinn bóginn margvíslegar skyldur, sem m. a. eru ákvarðaðar með lögum […].“

Hér birtist sýn ritstjóra Mbl. á fjölmiðlarekstur. Rétt eins og fullyrt er – ranglega – að Fréttablaðið hafi aðeins skyldur við eiganda – ekki almenning, þá liggur í orðunum að hið sama geti átt – eða eigi – við um Mbl. Dreifing skiptir ekki máli hér.

Ekki bara blaðamenn

Siðareglan sem vitnað var til í upphafi á ekki bara við um blaðamenn. Sama á við fjölmiðlafyrirtæki. Fjölmiðlarnir eru upplýsingaveitur sem fólk reiðir sig á og í lýðræðissamfélagi skiptir auðvitað máli að það sem sett er fram hafi upplýsingagildi fyrir fólk – ekki áróðursgildi fyrir eigandann.

Þetta er frumskylda fjölmiðils, óháð rekstrarformi eða eignarhaldi. Og þótt það sé ekki höfuðatriði, þá er þetta líka í lögum:

„Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur […],“ segir í 26. grein fjölmiðlalaga.

Þannig er skylda allra fjölmiðla í lýðræðisríki við almenning.

Auðvitað er þetta ekki alltaf einfalt. Bæði hefur eignarhald áhrif á áherslu fjölmiðla og rekstrarformið ekki síður. Þannig hefur verið sýnt frá á dæmi þess, bæði hér og erlendis, að fjölmiðlum hafi verið beitt grimmt í þágu eigenda eða hugmyndafræði þeirra. Það kemur nokkurn veginn niður á sama stað.

Einnig hafa verið færð rök fyrir því (t. d. Edwin Baker í bókinni Advertising and a Democratic Press, 1994) að fjölmiðlar sem eingöngu hafa tekjur af auglýsingum lúti boðvaldi auglýsenda þegar upp er staðið. Ekki er það nú gott.

Skyldan er skýr

Fjölmiðar eru sannarlega tæki til að hafa áhrif á viðhorf almennings. Hægt er að beita fjölmiðli sem öflugu áróðursvopni.

En enda þótt eigendur geti hafa beitt fjölmiðlum í eigin þágu, eða þeir orðið deigir undir valdi auglýsandans, þá er skyldan samt skýr: Hún er við lesendur, hlustendur og áhorfendur – engan annan.

Var þetta „sorpblaðamennska“?

Birting 365 miðla á myndskeiði sem sýnir þegar flugvél Mýflugs hrapaði í fyrrasumar, hefur vakið miklar umræður. Fréttastofa 365 hefur flutt fréttir af málinu í tengslum við bráðabirgðaskýrslu um slysið sem kom út í byrjun október.

Tveir menn fórust í slysinu, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem myndir af slysi eru birtar í íslenskum fjölmiðlum með þessum hætti.

Umræðan hefur bæði snúist um réttmæti þess að myndir af þessu tagi séu birtar, um mörk almannahagsmuna og nærgætni við aðstandendur en varpar einnig ljósi á algengan vanda í íslenskri fjölmiðlun, þögnina.

Sorgin tvöfalt þyngri

Hildur Eir Bolladóttir, prestur á Akureyri, segist vera hlynnt umfjöllununni um slysið, en hefði viljað sleppa því að birta myndbandið, þar sem flugvélin sést skella á jörðinni.

„Mín reynsla af því að fylgja syrgjendum eftir sem hafa orðið vitni að banaslysi ástvinar og hreinlega séð hann deyja er að sorgin er heldur þyngri og jafnvel tvöfalt þyngri en ef viðkomandi hefur ekki orðið vitni að hörmungunum og aðeins fengið réttar og skilmerkilegar upplýsingar um atburðinn. Það er munur þarna á og þess vegna dreg ég í efa réttmæti þess að myndskeiðið sé birt.“

Leifur Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Mýflugs, kallar umfjöllun 365 miðla hins vegar „sorpblaðamennsku“ í samtali við Akureyri vikublað.

Leituðu víða fanga

Atli Þór Fanndal blaðamaður, er á öðru máli.

„Myndbirtingin er liður í mjög ítarlegri fréttaskýringu sem er líkleg til að vera upphafi af fjölda frétta og mikilla skrifa. Á fréttaskýringunni má sjá að henni er líklega ætlað að koma losi á málið svo þeim fjölda spurninga sem enn er ósvarað verði örugglega svarað.“

Skjámynd úr myndbandinu sem 365 miðlar birtu.

Vísar út fyrir slysið

Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður 365, hefur sagt að margir hafi neitað að tjá sig um málið, við vinnslu fréttanna, jafnvel ekki skilgreina sérfræðihugtök. Ekki er óalgengt að erfitt sé að nálgast upplýsingar.

Atli Þór Fanndal segir að fréttaskýring 365 miðla varpi ljósi á þennan vanda.

Harmsaga fámennis, hagsmuna og meðvirkni

Björn Þorláksson, ritstjóri Akureyrar vikublaðs, tekur í svipaðan streng. „Þessi klúbbaþöggun nær yfir margt hér á landi. Verkfræðingar sem ekki stimpla fyrirhuguð virkjanaáform fá enga vinnu í þeim geira. Endurskoðendur sem ekki stimpla vafasamar færslur eiga erfitt uppdráttar. Milljón önnur dæmi, háð tengslum, venslum, tækifærum, lífsafkomu. Harmsaga fámennis, hagsmuna og meðvirkni er ægilegt mein hér á landi.“

Hildur Eir Bolladóttir.

Atli Þór Fanndal

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing

Brandenburg

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

UTAN ÚR HEIMI

Einkaviðtal við Gro Harlem Brundtland:

Jafnréttið verðmætara en olían

Jafnrétti kynjanna skilar meiru til þjóðarbúsins í Noregi heldur en allur olíuiðnaðurinn samanlagt.

„Rannsóknir sýna að framlag kvenna hér er mikið. Raunar svo mikið að þátttaka kvenna í atvinnu- og efnahagslífinu, bara þátttakan sem er umfram meðaltal annars staðar, hefur meiri áhrif á þjóðarframleiðsluna í Noregi, en sem nemur gervöllum olíuiðnaðinum," segir Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

Reykjavík vikublað átti einkaviðtal við hana á ráðstefnu sem nýlega var haldin í Osló, Women, Power and Politics, en í fyrra voru 100 ár liðin frá því að norskar konur fengu kosningarétt. Brundtland flutti ræðu á ráðstefnunni sem hlaut afar góðar viðtökur og mikið lófaklapp.

Brundtland segir að jafnrétt kynjanna snerist ekki aðeins um mannréttindi, heldur sýndi þetta dæmi, og raunar mörg önnur, að jafnrétti væri ekki síður mikilvægt efnahagsmál. Hún nefndi einnig önnur ríki. Ef atvinnuþátttaka bandarískra kvenna yrði á við atvinnuþátttöku karla, þá myndi þjóðarframleiðsla Bandaríkjanna aukast um 5 prósent. Sambærilegt hlutfall í Japan yrði 9 prósent, og 12 prósent í Sameinuðu Arabísku furstadæmunum.

Brundtland segir að breytingar verði ekki yfir nótt. Hún rifjar upp stöðu mála um miðja tuttugustu öld. Þá hafi blasað við norskum stúlkum að verða húsmæður. „Þær fengu meira að segja færri tíma í stærðfræði en strákar, en á móti lærðu þær að elda mat. Að verða heimavinnandi húsmóðir var það sem ætlast var til af stúlkum."

Óttast bakslag

Þetta hafi nú breyst, en það hafi ekki gerst baráttulaust. Hún hafi nú áhyggjur af bakslagi í jafnréttisbaráttunni. „Stelpur og strákar halda kannski að þau geti gleymt jafnrétti kynjanna. Það sé búið að ná því og ekki þurfi að hugsa meira um það. En þetta er hættulegt hugarfar," segir Gro Harlem Brundtland. „Við þurfum stöðugt að halda vöku okkar og vinna að jafnrétti," segir hún og bætir við, að þótt margir áfangar hafi náðst í Noregi, sé jafnrétti kynjanna ekki náð. Enn fremur séu vísbendingar um að kynbundinn launamunur fari vaxandi.

Gro Harlem Brundtland nefnir að margt hafi verið gert til að bæta stöðu kynjanna. Það hafi þurft markmið, löggjöf og pólitískan vilja til að fylgja þessu eftir. Jafnréttið komi ekki af sjálfu sér.

Hún bendir meðal annars á lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja og rúmt fæðingarorlof. „Atvinnuþátttaka norskra kvenna er með því mesta sem þekkist og á sama tíma er fæðingartíðni í Noregi einnig ein sú hæsta í Evrópu. Það á ekki að setja konur í þá stöðu að þurfa að velja hvort þær vilji starfsframa eða eignast börn. Þetta er sameiginlegt verkefni karla og kvenna. Við höfum efni á því. Ekki vegna olíunnar, heldur vegna þess að slík stefna eykur atvinnuþátttökuna og bætir samfélagið. Nú fara 90 prósent norskra karla í fæðingarorlof. Þetta hefur í för með sér að stjórnendur fyrirtækja líta sömu augum á karla og konur þegar kemur að barneignum."

Gro Harlem Brundtland varð fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra í Noregi. Hún myndaði sína fyrstu ríkisstjórn árið 1981, en hún var formaður Verkamannaflokksins. Þetta vakti heimsathygli. Það vakti ekki síður athygli þegar hún myndaði sína aðra ríkisstjórn, þar sem átta af átján ráðherrum voru konur, en slíkt var fordæmalaust þá, um miðjan níunda áratuginn. Brundtland varð forsætisráðherra þrisvar, en hún lét af embætti árið 1996. Þá hætti hún formlegum afskiptum af stjórnmálum í Noregi og varð sérstakur sendimaður hjá Sameinuðu þjóðunum. Hún hefur jafnframt setið í „öldungaráði" heimsins ásamt mönnum á borð við Jimmy Carter fyrrverandi Bandaríkjaforseta og Nelson Mandela, fyrrverandi forseta Suður-Afríku.

Ráðstefnan Women, Power and Politics var haldin í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að norskar konur hlutu kosningarétt. Á ráðstefnunni í Osló voru haldin fjölmörg erindi og mjög fróðlegar umræður urðu um ýmis efni og úr mörgum heimshlutum, jafnt Noregi sem Nepal. Fjallað hefur verið um marga fleti jafnréttisbaráttunnar, bæði stjórnmálaþátttöku, kynbundið ofbeldi, áhrif fjármálakreppunnar, kynjakvóta og margt fleira.

Meðal þátttakenda í ráðstefnunni voru Shirin Ebadi, handhafi friðarverðlauna Nóbels, Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands og margar fleiri.

Radhika Balakrishnan er doktor í hagfræði og starfar í Bandaríkjunum. Hún fjallaði um áhrif fjármálakreppunnar á ráðstefnunni. Hún lítur á hlutina í víðu samhengi. Hún segir að efnahagsstefna ríkja verði að grundvallast á mannréttindum. Áherslan þurfi að vera á að breyta kerfinu sem veldur kreppunni og misskiptingu. Niðurskurðarstefnan sem nú tíðkast í mörgum Evrópuríkjum sem viðbragð við kreppunni sé mistök. Með niðurskurði í opinberri þjónustu sé dregið úr réttindum og vegið að almenningi. Bæði körlum og konum.

Shirin Ebadi er handhafi friðarverðlauna Nóbels. Hún er frá Íran en er landflótta. Hún fjallaði meðal annars um karlaveldið í Íran, þar sem femínistar hafa verið dæmdir í margra ára fangelsi fyrir að krefjast sjálfsagðra réttinda. Hún lýsti því hvernig íslam er notað til að réttlæta völd karla yfir konum. Þeir túlki Kóraninn sér í hag. En konur geti líka virkjað andstöðu sína í gegnum trúarbrögðin. Ítarlegt viðtal við Shirin Ebadi verður birt hér í blaðinu á næstunni.

Það er aldrei of seint að byrja!

Skíðaskóli um helgar kl. 11–15.
Brettaskóli Bláfjalla og Mint Snow um helgar kl. 10:30–14:30.

Nýtt í vetur:
Byrjendakennsla fyrir fullorðna – mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Skráning og nánari upplýsingar á **skidasvaedi.is**

SKÍÐASVÆÐIN

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á vorönn stendur til 14. janúar á slóðinni www.fa.is/fjarnam

Drifbúnaður

er sérgrein okkar

Það borgar sig að nota það besta!

tellure Rôta

Iðnaðarhjól

ABS

Brunndælur
Miðflóttaaflsdælur

IWAKI

Skömmtunardælur
Iðnaðardælur

FAG INA

- Kúlulegur
- Rúllulegur
- Nálalegur
- Línulegur

Schneider Electric

Iðntölvur - Skynjarar
Hnappaefni - Spólurofar
Aflrofar - Hraðastýringar
Töfluskápar

TIMKEN

Keilulegur

SNR

Leguhús

Freudenberg

Ásþétti

VEM

Rafmótorar

optibelt
Power Transmission

Kílreimar - Tímareimar
Viftureimar

RENOLD

- Drifkeðjur
- Tannhjól
- Flutningskeðjur
- Ástengi

FÁLKINN
Stofnað 1904
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

Sími: 540 7000 • falkinn@falkinn.is • www.falkinn.is

11. JANÚAR 2014 • 1. tölublað 4. árgangur

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

Auglýsingar: 578 1190 & auglysingar@fotspor.is | Ritstjórn: 659-3442 & ingimarkarlhelgason@gmail.com

BAKSÍÐAN



Hrund Snorradóttir

Reykjavík vs. landsbyggð

Sem svona „landsbyggðar“ á ég stundum erfitt með að átta mig á Reykjavík. Hún er mjög lítil á alþjóðlegan mælikvarða en frekar stór miðað við heimabæ minn Akranes. Þessi heimabær minn þykir vera, að mér skilst, smáborgaralegt úhverfi í hugum sumra en alveg „úti á landi“ í augum annarra. Það er einkennilega mikil togstreita að að reyna að ákveða búsetu með þetta fyrir augum. Þegar ég dvel í Reykjavík til lengri eða skemmri tíma, þá fer samtímis um mig einhver einkennileg blanda af innilokunarkennd, einræðarleysi, djúpur einmanaleiki og óöryggi. Þá fyllist ég líka einhverri ógnar sköpunarþörf, frelsi til að hegða mér eins og ég vil og ofsalega skýrri sýn á tilveru mína.

Er það þetta sem fólk finnur þegar það fer til New York og London? Að vera í hringiðunni?

Úti á landi já eða í krummaskuðinu Akranesi eins og margir vilja kalla fallega bæinn minn, finn ég hins vegar ró og frið, tengslin við náttúruna sem er mér mjög mikilvæg, það er stutt í kaffi til ömmu og afa og samhygð og samkennd bæjarbúa þegar eitthvað bjátar á. Hins vegar má þar líka finna þröngsýni, meting, neikvæðni og kjaftagang.

Lausnin á búsetuvandamálið mínu er þannig sú að búi ég í Reykjavík þá fer ég í mæjónessalat og Merrild á Skagann reglulega segjum einu sinni í viku og ef ég býð á Akranesi þá fer ég á kaffihús og spelt í Reykjavík einu sinni í viku … jafnvel oftar. Landsbyggð vs. Reykjavík er nefnilega bara spurning um hugarfar.

Falleg ljós í miklu úrvali

MYCONCEPTSTORE.IS

Verslun innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg
Sími: 519 66 99
Vefverslun: www.myconceptstore.is

STÓRMÓT Á STÓRUM SAMSUNG SJÓNVÖRPUM

MÁ RÖVLA VIÐ DÓMARANN EF ÞIÐ ERUÐ EKKI SÁTT VIÐ UPPSETT VERÐ

SAMSUNG

9005 LÍNAN
LED SMART TV
ULTRA HIGH DEFINITION
OFURSJÓNVARP
Stærðir: 65"/55"

SAMSUNG

Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now

7005 LÍNAN
LED SMART TV
Stærðir: 60"/55"/46"

ÁFRAM ÍSLAND!

EISA AWARD Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

8005 LÍNAN
LED SMART TV
Stærðir: 75"/65"/55"

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is